

# Ísfélag Vestmannaeyja hf.

## Ársreikningur 2021



Ísfélag Vestmannaeyja hf. | Tangagötu 1 | 900 Vestmannaeyjar | kt. 660169-1219

# Ísfélag Vestmannaeyja hf.

## Ársreikningur 2021

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>bls.</b>
Áritun óháðs endurskoðanda	2 - 4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	5 - 7
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11 - 21
Viðauki - Stjórnarháttaryfirlýsing	22 - 23
Viðauki - Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	24 - 25

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Ísfélags Vestmannaeyja hf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ísfélags Vestmannaeyja hf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Ísfélagi Vestmannaeyja hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Ísfélagi Vestmannaeyja hf. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2021. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
<b>Tekjur</b>	
Rekstrartekjur ársins 2021 námu 128,9 m USD. Þær samanstanda af tekjum úrgerðar að frádregnum afla til eigin vinnslu og tekjum af landvinnslu. Sjá skýringu 2.	Í samræmi við áhættumat okkar höfum við farið yfir það innra eftirlit sem til staðar er varðandi reikningsskil við tekjuskráningu. Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir og úrtaksprófanir vegna tilvistar og lotun tekna:
Við höfum metið lotun tekjuskráningar sem helstu áhættu við endurskoðun enda eru háar fjárhæðir færðar til tekna sitthvoru megin við lok reikningsskiladags og því mikilvægt að meta hvort tekjufærsla sé færð á réttu tímabili með hliðsjón af afhendingarskilmálum.	- Öfludum upplýsinga um veiddan afla frá Fiskistofu auk þess sem skoðaðar voru verðbreytingar afurða á milli ára frá ytri aðilum. Út frá þessum upplýsingum framkvæmdum við greiningaraðgerðir á rekstrartekjum útgerðar.
Tekjur eru sá liður sem hefur mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar þar sem um er að ræða þann lið sem segir hvað best til um frammistöðu félagsins á liðnu ári og hversu vel félaginu gengur að nýta aflaheimildir.	- Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á rekstrartekjum landvinnslu með því að stemma af innlagðan eigin afla niður á tegundir við það magn sem tekið var til vinnslu hjá félaginu. Því til viðbótar var aflað gagna til staðfestingar á þeim afla sem keyptur var frá þriðja aðila. Út frá þeim gögnum voru framkvæmdar greiningaraðgerðir fyrir tekjur landvinnslu að teknu tilliti til verðbreytinga afurða á milli ára.
Megináhersla okkar við endurskoðun er tilvist og lotun tekna.	- Framkvæmdar voru úrtaksprófanir til að endurskoða lotun tekna með sérstaka áherslu á lotun tekna vegna sölu á mjöli og lýsi en því til stuðnings fékk endurskoðunarteymið afrit af afhendingarnótum, sölusamninga og önnur gögn til að leggja mat á hvort tekjur hafi verið færðar á rétt tímabil.

# Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

---

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, stjórnarháttaryfirlýsingu og ófjárhagslega upplýsingagjöf.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ísfélags Vestmannaeyja hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

# Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

---

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem skattaráðgjöf. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við endurskoðunarnefndina að við erum óháð Ísfélagi Vestmannaeyja hf.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar veða þyngra en almannahagsmunir.

Deloitte var kjörið endurskoðandi Ísfélags Vestmannaeyja hf. á aðalfundi félagsins þann 9. júní 2021. Deloitte hefur verið endurskoðandi Ísfélags Vestmannaeyja hf. síðan á aðalfundi félagsins árið 1998.

Kópavogur, 2. júní 2022.

**Deloitte ehf.**

Guðmundur Ingólfsson  
endurskoðandi

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Ísfélag Vestmannaeyja hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög en félagið er elsta starfandi hlutafélag á Íslandi. Félagið gerir út 7 fiskiskip frá Vestmannaeyjum, 4 uppsjávarskip, 2 bolfiskskip og 1 krókabát. Helstu starfsþættir félagsins eru frýsting sjávarafurða, fiskimjöls- og lýsisframleiðsla og útgerð fiskiskipa.

## Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

	2021	2020
Rekstrartekjur félagsins námu.....	128.886.839	81.191.076
Hagnaður félagsins nam.....	40.654.747	13.987.671
Fjöldi ársverka nam.....	233	230
	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
Eignir félagsins námu.....	313.205.161	293.498.140
Bókfært eigið fé nam.....	183.012.244	150.005.290
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	58,4%	51,1%

Rekstur félagsins gekk vel á árinu og jukust tekjur og afkoma mikið frá fyrra ári sem skýrist einna helst af loðnuvertíð á árinu 2021 en ekki voru stundaðar loðnuveiðar síðustu tvö ár þar á undan. EBITDA jókst um 27 milljónir USD og vaxtaberandi skuldir lækkuðu um 20,4 milljónir USD. Á árinu fjárfesti félagið í uppsjávarskipunum Suðurey VE11 og Álsey VE2.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum félagsins.

Stærstu áhættuþættir í rekstri eru tengdir úthlutun aflaheimilda, gangi veiða, verðmæti afurða og verðþróun á helstu afurðum. Starfsemin er vertíðabundin þar sem oft er framlétt mikið magn á stuttum tíma og getur þá orðið mikill tímamunur á því hvenær lagt er út fyrir kostnaði og hvenær tekjur skila sér. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri hafa heimild til að gera framvirka samninga, til takmörkunar á gengis- og vaxtaáhættu félagsins.

## Áhrif Covid-19 á rekstur félagsins

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins sem óveruleg. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu félagsins eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Félagið hefur ekki nýtt sér nein þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið til að mæta áhrifum COVID-19.

Stjórnendur hafa metið hugsanleg áhrif á virðisrýrnun efnislegra og óefnislegra eigna og telja að ekki séu til staðar vísbendingar um virðisrýrnun. Þá hefur verið tekið tillit til væntra áhrifa á innheimtanleika krafna sem eru að mati stjórnenda óveruleg.

## Atburðir eftir reikningsskiladag

Í lok febrúar 2022 hófst innrás Rússlands í Úkraínu. Ísfélagið hefur í gegnum árin átt í töluverðum viðskiptum við fyrirtæki í Úkraínu en um þriðjungur frosinna uppsjávarafurða félagsins hafa verið seld þangað síðastliðin ár. Mikil óvissa er um þróun markaða í Úkraínu en eins og sakir standa er erfitt að meta möguleg áhrif á viðskipti og fjárhagslega stöðu Ísfélagsins vegna ástandsins í Úkraínu. Fjárhagsleg staða félagsins er sterk og engin hætta á að stríðsátökin hafi áhrif á rekstrarhæfi þess.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra (framhald)

## Hluthafar

Skráð hlutafé félagsins í árslok nam kr. 575.397.209 en félagið á eigin hluti af nafnverði 44.041.919. Í lok ársins voru 131 hluthafar í félaginu líkt og í upphafi árs. 10 stærstu hluthafar eru sem hér segir:

	Hlutdeild	Hlutir
ÍV fjárfestingafélag ehf.....	89,0%	472.877.741
Anna ehf.....	3,5%	18.471.622
Fimman ehf.....	2,1%	11.192.088
Hali ehf.....	0,9%	4.964.988
Júlía Petra Andersen.....	0,6%	3.198.262
Kristín Bergþórsdóttir.....	0,5%	2.660.310
Ágúst Bergsson.....	0,5%	2.660.310
MKE ehf.....	0,4%	2.111.493
Jóel Þór Andersen.....	0,4%	1.865.654
Guðbjörg Oktavía Andersen.....	0,2%	1.017.133
Aðrir hluthafar.....	1,9%	10.329.689
Samtals.....	100%	531.355.290

## Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að USD 15.000.000 verði greiddar í arð til hluthafa á árinu 2022, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

## Stjórnarhættir og ófjárhagslegar upplýsingar

Stjórn félagsins leitast við að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland ehf. og Samtökum atvinnulífsins. Félagið álitur sig fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti í öllum megindráttum. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem er fylgiskjal með ársreikningnum.

Í stjórn félagsins sem kosin er á aðalfundi þess til eins árs í senn sitja þrjú karlmenn og ein kona. Stjórn félagsins var skipuð eftirfarandi aðilum, Gunnlaugi Sævari Gunnlaugssyni stjórnarformanni, Einari Sigurðssyni, Guðbjörgu Matthíasdóttur og Sigurbirni Magnússyni.

Í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga birtir félagið sérstakan kafla um ófjárhagslega upplýsingagjöf sem fylgiskjal með ársreikningnum. Þar er fjallað um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð félagsins, ábyrgar fiskveiðar, umhverfis, mannauðs og öryggismál og siðferðileg gildi félagsins. Félagið leggur áherslu á að starfa í sátt við umhverfi sitt og samfélag og hefur það sem megináherslu í sjálfbærniáherslum félagsins.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra (framhald)

---

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 31. desember 2021 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á árinu 2021. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir árið 2021 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri félagsins, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja hf. hafa í dag fjallað um ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Vestmannaeyjar, 1. júní 2022

## Í stjórn

Gunnlaugur S. Gunnlaugsson  
stjórnarformaður

Einar Sigurðsson

Guðbjörg Matthíasdóttir

Sigurbjörn Magnússon

## Framkvæmdastjóri

Stefán Friðriksson



# Rekstrarreikningur

	Skýr.	12 mán. '21	12 mán. '20
<b>Rekstrartekjur</b>			
Rekstrartekjur landvinnslu .....		118.411.585	73.042.189
Rekstrartekjur útgerðar .....		52.419.715	35.788.637
Innlagður eigin afli .....		(42.823.224)	(27.700.221)
Aðrar tekjur .....		878.763	60.471
		<u>128.886.839</u>	<u>81.191.076</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Rekstrargjöld landvinnslu .....		76.096.237	54.657.624
Rekstrargjöld útgerðar .....		34.960.701	22.553.560
Innlagður eigin afli .....		(42.823.224)	(27.700.221)
Sameiginlegur kostnaður .....		4.821.518	3.453.646
		<u>73.055.232</u>	<u>52.964.609</u>
<b>Hagnaður fyrir afskriftir</b>			
		55.831.607	28.226.467
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....	6.	(9.027.634)	(8.112.922)
Hagnaður af sölu eigna .....		17.101	988.574
		<u>46.821.074</u>	<u>21.102.118</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>			
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Hlutdeild í afkomu dóttur og hlutdeildarféлага .....	7.	472.795	653.473
Fjármagnsgjöld .....		(2.427.558)	(2.858.448)
Fjármunatekjur .....		1.219.547	1.780.954
Gengismunur tekjur (gjöld).....		4.579.516	(3.788.495)
		<u>3.844.301</u>	<u>(4.212.516)</u>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>			
		50.665.375	16.889.602
Tekjuskattur.....	4.	(10.010.628)	(2.901.931)
		<u>40.654.747</u>	<u>13.987.671</u>
<b>Hagnaður ársins</b>			
EBITDA framlegð.....		43,3%	34,8%

# Efnahagsreikningur

Eignir		31.12.2021	31.12.2020
<b>Fastafjármunir</b>			
Aflahlutdeild.....	5.	127.505.652	126.966.844
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	6.	94.263.616	79.542.014
Skuldabréfaeign.....		5.117.692	16.476.035
Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum.....	7.	7.508.881	6.208.320
Eignarhlutar í öðrum félögum.....		2.885.468	1.957.576
		<u>237.281.308</u>	<u>231.150.789</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Afurðir og hráefni .....	8.	17.779.121	11.673.321
Veidarfæri og aðrar rekstrarvörur .....	8.	3.243.056	2.605.073
Viðskiptakröfur .....	9.	22.676.793	22.939.827
Aðrar skammtímakröfur.....		3.579.659	1.091.211
Skuldabréfaeign.....		9.987.380	11.252.893
Handbært fé .....		18.657.844	12.785.026
		<u>75.923.853</u>	<u>62.347.351</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>313.205.161</u>	<u>293.498.140</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	10.	4.405.931	4.405.931
Varasjóður .....		4.510.950	4.510.950
Þýðingarmunur.....		16.611	164.412
Hlutdeildarreikningur.....		3.048.927	2.576.125
Óráðstafað eigið fé.....		171.029.826	138.347.873
Eigið fé alls		<u>183.012.244</u>	<u>150.005.290</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Langtímaskuldir.....	11.	76.871.441	90.631.029
Tekjuskattsskuldbinding .....	12.	29.606.669	27.544.832
		<u>106.478.110</u>	<u>118.175.861</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Næsta árs afborgun langtímalána .....	11.	6.845.096	7.404.753
Bankalán .....		0	6.110.354
Almennar viðskiptaskuldir .....	13.	6.986.248	5.796.454
Aðrar skammtímaskuldir.....	13.	9.883.463	6.005.428
		<u>23.714.807</u>	<u>25.316.989</u>
Skuldir		<u>130.192.917</u>	<u>143.492.850</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>313.205.161</u>	<u>293.498.140</u>
Eiginfjárhlutfall.....		58,4%	51,1%

# Sjóðstreymi

		12 mán. '21	12 mán. '20
Rekstrarhagnaður .....		46.821.074	21.102.118
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....	6.	9.027.634	8.112.922
Hagnaður af sölu eigna .....		(17.101)	(988.574)
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>		<b>55.831.607</b>	<b>28.226.467</b>
Birgðir, (hækkun) .....		(6.743.783)	(1.366.194)
Skammtímakröfur vegna rekstrar, (hækkun) .....		(2.219.687)	(5.406.328)
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, hækkun (lækkun) .....		1.346.456	(1.004.322)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>48.214.593</b>	<b>20.449.623</b>
Innborgaðir vextir og gengismunur .....		1.247.429	3.085.010
Greiddir vextir og gengismunur .....		(6.228.800)	(2.804.723)
Greiddur tekjuskattur .....		(4.210.291)	(1.828.279)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>39.022.931</b>	<b>18.901.631</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	6.	(23.788.341)	(4.835.799)
Kaup aflaheimilda .....	5.	(538.808)	(1.352.131)
Eignarhlutar í félögum .....		(1.906.942)	1.479.080
Krafa á tengda aðila .....		12.627.342	(2.229.494)
Mótttekinn arður frá dóttur og hlutdeildarfélögum .....	7.	0	104.246
		(13.606.749)	(6.834.098)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(7.116.200)	(6.887.854)
Skammtímafjármögnun, (lækkun) hækkun .....		(6.110.354)	2.466.235
Arður til hluthafa .....	10.	(7.500.000)	(7.500.000)
		(20.726.554)	(11.921.619)
Breyting á handbæru fé á árinu .....		4.689.628	145.914
Gengismunur af handbæru fé .....		1.183.190	1.047.561
Handbært fé í ársbyrjun .....		12.785.026	11.591.551
Handbært fé í árslok .....		<b>18.657.844</b>	<b>12.785.026</b>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Ísfélag Vestmannaeyja hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Ísfélag Vestmannaeyja hf. er fyrirtæki á sviði sjávarútvegs, en helstu starfspættir félagsins eru frysting sjávarafurða, fiskimjöls- og lýsisframleiðsla og útgerð fiskiskipa.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignaréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar í efnahagsreikningi.

Þóknun til endurskoðenda nam USD 93.388 vegna ársins 2021, þar af voru USD 60.062 vegna endurskoðunar og annarrar staðfestingarvinnu.

### Fjármunatekjur og gjöld

Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. Lántökugjöld eru færð til gjalda yfir lánstíma.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall ársins 2021 er 20%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinvegn er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Tekjuskattsskuldbinding er færð upp miðað við skatthlutfall sem gilda mun fyrir árið 2021 samkvæmt gildandi lögum.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framh.)

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning á tímabilinu.

	Meðalmiðgengi tímabilsins		Kaupgengi í lok tímabils	
	12 mán. '21	12 mán. '20	31.12.2021	31.12.2020
Íslensk króna (ISK) .....	0,0079	0,0074	0,0077	0,0079
Evra (EUR) .....	1,1821	1,1423	1,1321	1,2271
Sterlingspund (GBP) .....	1,3751	1,2833	1,3478	1,3643
Kanadadalur (CAD) .....	0,7973	0,7463	0,7855	0,7854
Dönsk króna (DKK) .....	0,1590	0,1533	0,1522	0,1649
Norsk króna (NOK) .....	0,1163	0,1066	0,1133	0,1173
Sænsk króna (SEK) .....	0,1165	0,1091	0,1104	0,1224
Svissneskur franki (CHF) .....	1,0938	1,0670	1,0955	1,1350
Japanskt jen (JPY) .....	0,0091	0,0094	0,0087	0,0097

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir eru keyptar aflaheimildir og aflaheimildir sem félagið hefur eignast í formi yfirverðs hlutafjár við samruna. Óefnislegar eignir eru ekki afskrifaðar línulega en stuðst er við virðisrýmunaraðferð.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis. Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

### Skuldabréf á tengda aðila

Skuldabréf á tengda aðila sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Dóttur- og hlutdeildarfélög

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem Ísfélagið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra með því að taka þátt í ákvörðunartöku um fjármála- og rekstrarstefnu án þess að hafa yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárstöðu dóttur og hlutdeildarfélaga.

Félagið nýtir sér heimild í 3 mgr. 68. gr. laga 3/2006 og gerir ekki samstæðuársreikning enda telur félagið að dótturfélög skipti óverulegu máli bæði ein og sér og sem heild.

# Skýringar

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framh.)

### Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar.

### Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning. Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar lækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

### Afurðir og hráefni, veiðarfæri og aðrar rekstrarvörur

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

### Langtímaskuldir og bankalán

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

# Skýringar

## 3. Launamál

Laun og tengd gjöld félagsins greinast þannig:

	12 mán. '21	12 mán. '20
Laun .....	26.086.962	19.822.685
Lífeyrissjóðsgjald.....	2.934.717	2.251.378
Önnur launatengd gjöld.....	2.661.450	2.142.999
Annar starfsmannakostnaður.....	566.759	435.445
	<u>32.249.888</u>	<u>24.652.507</u>

Meðalföldi starfa ..... 233 230

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2021 námu USD 1.897 þús. (2020 USD 1.728).

## 4. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi félagsins USD 10.010,6 þús. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2022 nemur um USD 7.982,4 þús.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	12 mán. '21		12 mán. '20	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta.....	10.133.075	20%	3.377.920	20%
Áhrif arðs og hagnaðar hlutabréfa .....	(18.539)	0,0%	(214.713)	-1,3%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага.....	(94.560)	-0,2%	(130.695)	-0,8%
Gengismunur tekjuskattsskuldbindingar .....	(9.378)	0,0%	(134.319)	-0,8%
Aðrir liðir.....	30	0,0%	3.738	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi.....	<u>10.010.628</u>	19,8%	<u>2.901.931</u>	17,2%

## 5. Aflahlutdeild

	31.12.2021	31.12.2020
Stofnverð 1.1.....	143.936.754	142.584.623
Virðisrýrt.....	(16.969.910)	(16.969.910)
Keypt á árinu.....	<u>538.808</u>	<u>1.352.131</u>
Bókfært verð 31.12.....	127.505.652	126.966.844

# Skýringar

## 5. Aflahlutdeild (framhald)

Aflahlutdeild og aflamark félagsins í bolfiski voru eftirfarandi samkvæmt úthlutun Sjávarútvegsráðuneytisins á veiðiheimildum fyrir fiskveiðiárið 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.

	Aflahlutdeild	Úthlutað aflamark, tonn	Krókaaflahlutdeild	Úthlutað aflamark, tonn
Þorskur .....	1,88%	3.346	0,44%	774
Ýsa .....	3,10%	1.023	0,26%	85
Ufsi .....	3,82%	2.355	0,11%	68
Gullkarfi .....	1,75%	472	0,02%	5
Djúpkarfi.....	1,80%	135		
Úthafskarfi.....	4,33%	0		
Aðrar tegundir.....		349		21
		<u>7.680</u>		<u>953</u>

Aflahlutdeild og úthlutaðar heimildir á fjárhagsárinu.

Síld .....	13,13%	8.979
Norsk-íslensk síld .....	20,15%	20.654
Loðna .....	19,99%	129.124
Makrill* .....	12,32%	15.668
Kolmunni .....	5,20%	7.818
		<u>189.923</u>

\*Úthlutun makrills miðast við úthlutun 20/21.

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Fiskiskip	Vélar og framleiðslutæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun.....	53.922.516	79.375.404	68.111.064	201.408.984
Eignfært á árinu.....	1.899.979	19.610.157	2.278.206	23.788.341
Selt og aflagt á árinu.....	(3.121.727)	0	(69.941)	(3.191.668)
Staða í árslok.....	<u>52.700.768</u>	<u>98.985.561</u>	<u>70.319.329</u>	<u>222.005.657</u>
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun.....	31.073.806	38.187.046	52.606.118	121.866.970
Afskrift ársins.....	1.213.846	4.459.146	3.354.642	9.027.634
selt og aflagt á árinu.....	(2.769.609)	0	(382.954)	(3.152.563)
Staða í árslok.....	<u>29.518.043</u>	<u>42.646.192</u>	<u>55.577.806</u>	<u>127.742.041</u>
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun.....	22.848.710	41.188.358	15.504.946	79.542.014
Bókfært verð í árslok.....	<u>23.182.725</u>	<u>56.339.369</u>	<u>14.741.523</u>	<u>94.263.616</u>
Afskriftarhlutföll .....	0-4%	5-10%	8-20%	



# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

Fasteignir félagsins greinast þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Strandvegur 12-18, Vestmannaeyjum .....	3.446.694	13.029.330
Strandvegur 23, Vestmannaeyjum .....	1.406.657	2.245.076
Strandvegur 102, Vestmannaeyjum .....	6.221.046	25.325.073
Strandvegur 103-107, Vestmannaeyjum .....	620.801	1.878.762
Kleifar 1, Vestmannaeyjum .....	431.738	1.102.976
Tangagata 1, Vestmannaeyjum.....	238.303	1.216.667
Eyrarvegur 12, Þórshöfn .....	4.289.324	16.594.685
Hafnarvegur 2-6, Þórshöfn .....	2.008.782	7.050.391
Langanesvegur 1, Þórshöfn .....	347.293	1.418.316
Aðrar fasteignir og lóðir á Þórshöfn.....	362.364	1.768.423
Lækjabrekka 16, sumarhús .....	187.529	325.372
Dufansdalur .....	61.643	181.155
Öxnalækur í Hveragerði - 25% hluti .....	28.973	165.386
	<u>19.651.147</u>	<u>72.301.611</u>

Fiskiskip félagsins greinast þannig:

	Húftrygginga- mat
Heimaey VE-1 .....	22.500.000
Sigurður VE-15.....	25.500.000
Ottó N Þorláksson VE-5.....	1.766.252
Dala-Rafn VE-508 .....	3.149.678
Litlanes ÞH-3 .....	671.514
Álsey VE-2.....	9.063.967
Suðurey VE-11.....	10.354.349
	<u>73.005.760</u>

## 7. Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum:

	Hlutdeild	Nafnverð ISK	Bókfært verð
Fiskmarkaður Þórshafnar ehf. ....	100%	500.000	440.873
Lundey fjárfestingarfélag ehf.....	50%	1.200.000	3.187.435
Jörvi fasteignir ehf.....	100%	500.000	1.830.205
Iceland Pelagic ehf. ....	33,3%	10.000.000	1.667.662
Önnur félög.....			382.706
			<u>7.508.881</u>

# Skýringar

## 7. Eignarhlutar í félögum (framhald)

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum:

	31.12.2021	31.12.2020
Staða í upphafi árs .....	6.208.320	6.396.066
Selt á árinu .....	0	(713.751)
Keypt á árinu .....	975.564	1.208
Arður frá hlutdeildarfélögum .....	0	(104.246)
Þýðingarmunur .....	(147.801)	(187.416)
Hlutdeild í rekstri dóttur og hlutdeildarfélaga .....	472.798	653.473
Neikvæð hlutdeild í eigin fé dótturfélags fært til lækunar á kröfu .....	0	162.986
Staða í lok tímabils .....	<u>7.508.881</u>	<u>6.208.320</u>

## 8. Afurðir, hráefni, veiðarfæri og rekstrarvörur

	31.12.2021	31.12.2020
Frystar afurðir .....	10.420.744	9.209.769
Mjöl og lýsi .....	7.357.037	2.463.552
Rekstrarvörubirgðir .....	1.536.141	1.435.074
Veiðarfærabirgðir.....	1.706.915	1.170.000
	<u>21.020.837</u>	<u>14.278.394</u>
Tryggingaverðmæti afurða- og endursölubirgða .....	81.101.733	71.150.600
Tryggingaverðmæti veiðarfæra og afla um borð í skipum .....	5.394.953	3.164.478

## 9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur skráðar í USD.....	6.529.430	9.487.234
Viðskiptakröfur í öðrum myntum.....	16.314.755	13.619.985
Niðurfærsla krafna.....	(167.392)	(167.392)
	<u>22.676.793</u>	<u>22.939.827</u>

# Skýringar

## 10. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins er kr. 575.397.209 eins og kveðið er á um í samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Hlutafé greinist þannig:

		ISK
Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins .....	100,0%	575.397.209
Eigin hlutir félagsins .....	-7,7%	(44.041.919)
	92,3%	<u>531.355.290</u>

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Varasjóður	Þýðingarmunur	Hlutdeildar-reikningur	Óráðstafað eigið fé
Staða 1/1 2020.....	4.405.931	4.510.950	351.828	1.870.943	132.565.383
Þýðingarmunur .....			(187.416)		
Hlud. í hagnaði hlud.f.....				705.182	(705.182)
Úthlutaður arður .....					(7.500.000)
Hagnaður ársins 2020.....					13.987.671
Staða 1/1 2021.....	4.405.931	4.510.950	164.412	2.576.125	138.347.873
Þýðingarmunur .....			(147.801)		
Hlud. í hagnaði hlud.f.....				472.798	(472.798)
Úthlutaður arður .....					(7.500.000)
Hagnaður ársins 2021.....					40.654.747
Staða 31/12 2021.....	<u>4.405.931</u>	<u>4.510.950</u>	<u>16.611</u>	<u>3.048.927</u>	<u>171.029.826</u>
Eigið fé alls 31/12 2021.....					183.012.244

## 11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	31.12.2021	31.12.2020
Skuldir eftir gjaldmiðlum:		
Skuldir í CHF .....	3.106.262	3.596.164
Skuldir í JPY .....	17.528.771	21.149.686
Skuldir í GBP .....	7.520.598	8.230.555
Skuldir í EUR .....	55.560.906	65.059.377
	83.716.537	98.035.782
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(6.845.096)	(7.404.753)
Langtímaskuldir samkvæmt ársreikningi .....	<u>76.871.441</u>	<u>90.631.029</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

	31.12.2021	31.12.2020
Næsta árs afborgarnir.....	6.845.096	7.404.753
Afborganir 2023 / 2022.....	29.307.096	62.793.255
Afborganir 2024 / 2023.....	3.397.096	27.837.774
Afborganir 2025 / 2024.....	3.397.096	0
Afborganir 2026.....	3.397.096	0
Afborganir síðar .....	37.373.057	0
	<u>83.716.537</u>	<u>98.035.782</u>

# Skýringar

## 12. Tekjuskattsskuldbinding

### Breyting tekjuskattsskuldbindingar greinist þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Tekjuskattsskuldbinding í upphafi árs.....	27.544.832	28.927.057
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári.....	(7.982.394)	(4.372.892)
Áhrif samsköttunar.....	33.603	88.736
Tekjuskattur vegna rekstrarársins.....	10.010.628	2.901.931
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs.....	29.606.669	27.544.832

### Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2021	31.12.2020
Óefnislegar eignir.....	17.492.897	17.763.323
Varanlegir rekstarfjármunir.....	11.390.090	9.966.052
Aðrir liðir.....	723.682	(184.543)
	29.606.669	27.544.832

## 13. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptaskuldir skráðar í USD.....	1.273.901	2.329.146
Viðskiptaskuldir skráðar í öðrum myntum.....	5.712.347	3.467.308
	6.986.248	5.796.454

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	1.324.734	740.389
Tekjuskattur til greiðslu.....	7.982.394	4.372.892
Ógreidd opinber gjöld.....	288.566	387.038
Ógreiddir áfallnir vextir.....	287.769	329.120
Aðrar skammtímaskuldir.....	0	175.989
	9.883.463	6.005.428

# Skýringar

## 14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. dótturfélög, hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög 2021	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur og skuldabréf	Skuldir
Dóttur og hlutdeildarfélag .....	0	47.322.877	13.626.028	703.765
Aðrir tengdir aðilar .....	749.163	1.638.507	11.986.476	376.711
	<u>749.163</u>	<u>48.961.384</u>	<u>25.612.504</u>	<u>1.080.476</u>

  

Viðskipti við tengd félög 2020	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur og skuldabréf	Skuldir
Dóttur og hlutdeildarfélag .....	699.290	33.969.068	14.314.138	482.562
Aðrir tengdir aðilar .....	372.825	0	15.511.245	1.735.180
	<u>1.072.115</u>	<u>33.969.068</u>	<u>29.825.383</u>	<u>2.217.742</u>

Skuldabréfaeign félagsins nemur USD 15.105 þús. en þar af eru USD 10.784 þús. við tengda aðila. Skuldabréfaeign við tengda aðila skiptist með þeim hætti að USD 2.751 þús. er við dóttur- og hlutdeildarfélag og USD 8.032 þús. við önnur tengd félög.

## 15. Ábyrgðir og önnur mál

Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess. Veðsetningar greindust þannig á eignaflokka:

	Eftirstöðvar skuldbindinga	Bókfært verð eigna
Skip, aflaheimildir og fasteignir .....	83.716.537	207.027.745
Birgðir.....	0	17.779.121
	<u>83.716.537</u>	<u>224.806.867</u>

# Skýringar

## 16. Kennitölur félagsins

Úr rekstrarreikningi	2021	2020	2019
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur .....	43,3%	34,8%	25,5%
Hagnaður af reglulegri starfsemi f. skatta / rekstrartekjur .....	39,3%	20,8%	15,9%
Hagnaður tímabilsins / rekstrartekjur .....	31,5%	17,2%	12,9%
Úr efnahagsreikningi	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2019
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	3,20	2,46	2,95
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn .....	58,4%	51,1%	50,5%
Inna virði hlutafjár - eigið fé/nafnverð hlutafjár .....	41,54	34,05	30,45
Úr sjóðstreymi ársins:			
a) Skuldaþekja handbærs fjár.....	0,31	0,09	0,12
b) Gæði afkomunnar .....	1,19	1,46	1,75
a) Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum / heildarskuldir			
b) Handbært fé frá rekstri / afkoma			

## 17. Stjórnháttaryfirlýsing Ísfélags Vestmannaeyja hf. (óendurskoðað)

Meginmarkmið stjórnarháttaryfirlýsingar Ísfélags Vestmannaeyja hf. er að skýra með gagnsæjum hætti hlutverk og ábyrgð stjórnenda félagsins til að auðvelda þeim að rækja störf sín og um leið að treysta hag hluthafa og annarra hagaðila.

Stjórnarhættir félagsins taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

### Fyrirtækið

Ísfélag Vestmannaeyja hf. var stofnað 1. desember árið 1901 og er elsta starfandi hlutafélag landsins. Ísfélag Vestmannaeyja hf. er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins með 230 starfsmenn til sjós og lands. Það rekur frystihús og fiskimjölsverksmiðjur í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn og gerir út sjö skip. Félagið veidir bæði uppsjávar- og bolfisk og vinnur hann að mestu leyti í verksmiðjum félagsins. Ísfélag Vestmannaeyja hf. selur afurðir sínar til ýmissa sölufyrirtækja og framleiðenda. Mjöl- og lýsisafurðir eru að langmestu leyti seldar beint til fóðurframleiðenda. Bolfisks- og uppsjávarafurðir eru seldar til ýmissa aðila sem vinna sínar afurðir úr vörunni eða áframselja hana. Ísfélagið á þriðjungshlut í Iceland Pelagic ehf. sem selur aðallega uppsjávarafurðir og fjórðungshlut í StorMar ehf. sem selur aðallega bolfiskafurðir. Öll viðskipti við söluaðila, þar með talin þessi tengdu fyrirtæki, eru gerð á eðlilegum viðskiptakjörum og uppfylla kröfur um armslengdarviðskipti. Ísfélagið starfar eftir lögum og reglum sem lúta að rekstri fiskiskipa, nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar og matvælaframleiðslu, auk þess sem framleiðsla félagsins er vottuð af alþjóðlegum vottunaradilum. Starfsemin lýtur opinberu eftirliti stofnana sem framfylgja lögum og reglum. Lögð er áhersla á að farið sé að lögum og reglum í starfsemi félagsins. Það er gert með skilvirkum verkferlum og góðu samstarfi við eftirlitsaðila. Starfsemi félagsins lýtur auk þess ýmsum opinberum reglum og eru starfsstöðvar og rekstur skipakosts þess háðar leyfum opinberra aðila.

### Innra eftirlit og áhættustýring

Daglegur rekstur er í höndum stjórnenda Ísfélagsins þar sem leitast er við að hafa verkferla og eftirlit með áhættuþáttum rekstrar af daglegum rekstri. Áætlanagerð og uppgjör gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti með rekstri og er farið reglulega yfir rekstur einstakra deilda með stjórn félagsins.

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er settur fram í Bandaríkjadollurum (USD). Endurskoðunarnefnd hefur verið skipuð og henni settar starfsreglur og voru þær staðfestar á stjórnarfundi félagsins þann 10. maí 2022. Nefndin skal meðal annars hafa eftirlit með gerð reikningsskila, eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar auk þess að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings. Endurskoðunarnefndin gefur stjórn álit sitt á reikningsskilunum áður en þau eru lögð fram til samþykktar stjórnar. Þá skal endurskoðunarnefnd setja fram tillögur til stjórnar um val á ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Hún skal einnig meta óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum ytri endurskoðenda.

Stærstu áhættuþættir í rekstri eru tengdir úthlutun aflaheimilda, gangi veiða, verðmæti afurða og verðþróun á helstu afurðum. Starfsemin er vertíðabundin þar sem oft er framleitt mikið magn á stuttum tíma og getur þá orðið mikill tímamunur á því hvenær lagt er út fyrir kostnaði og hvenær tekjur skila sér. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri hafa heimild til að gera framvirka samninga, til takmörkunar á gengis- og vaxtaáhættu félagsins.

## 17. Stjórnháttaryfirlýsing Ísfélags Vestmannaeyja hf. (óendurskoðað) (framhald)

### **Hluthafar, stjórn, undirnefndir stjórnar og framkvæmdastjórn**

Stjórn Ísfélagsins skipa fjórir stjórnarmenn en heimilt er að hafa fimm stjórnarmenn og eru þeir kosnir á aðalfundi af hluthöfum félagsins. Um hlutverk og skyldur stjórnar fer samkvæmt samþykktum félagsins. Stjórn félagsins leitast við að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland ehf og Samtökum atvinnulífsins. Félagið álitur sig fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti í öllum megindráttum. Stjórn Ísfélagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Henni ber að stuðla að viðgangi félagsins og hafa eftirlit með daglegum rekstri þess. Stjórn ber ábyrgð á stefnumótun félagsins og leggur mat á það hvernig henni er hrint í framkvæmd. Stjórnin hefur, ásamt framkvæmdarstjóra, forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félagsins. Henni ber að tryggja virkt eftirlitskerfi sem meðal annars felst í því að fyrirkomulag áhættustýringar og innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og í reglulegri vöktun. Stjórnin sér um að gæta hagsmuna allra hluthafa og að gæta jafnræðis milli þeirra. Stjórnin sér til þess að félagið starfi samkvæmt lögum og reglum. Þá hefur stjórnin með höndum ráðningu og uppsögn framkvæmdarstjóra félagsins. Framkvæmdarstjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu stjórnar. Nánari skýringar á samsetningu stjórnar verður að finna í samfélagsskýrslu félagsins fyrir árið 2021.

### **Hluthafar**

Hluthafar Ísfélagsins eru 131 talsins en tíu stærstu fara með 98,1% hlutfjár í félaginu.



## 18. Ófjárhagslegar upplýsingar (óendurskoðað)

### Samfélagsleg ábyrgð

Ísfélag Vestmannaeyja hf. hefur sett sér starfsmannastefnu, persónuverndarstefnu og stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti og áreitni. Félagið vinnur að samfélagskýrslu út frá alþjóðlega viðurkenndum GRI-stöðlum. Samhliða þeirri skýrslu stefnir félagið á að setja sér samfélagsstefnu sem tiltekur stefnu þess í umhverfismálum, samfélagsmálum, mannréttindamálum og stjórnarháttum. Auk þess mun félagið setja sér og birta siðareglur fyrir starfsfólk og starfskjarastefnu.

Þrátt fyrir að áður nefndar stefnur séu ekki formlega ritaðar þá hefur félagið ávallt haft það að leiðarljósi að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar, unnið að hag samfélagsins með ýmsum hætti, stuðlað að heiðarlegum viðskiptaháttum og boðið samkeppnishæf laun miðað við það sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum og tekið mið af hæfni starfsmanna og ábyrgð og umfangi starfanna. Félagið virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Félagið leggur áherslu á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu hvað varðar alla sína starfsmenn.

Ísfélagið skrifaði undir samfélagsstefnu sem fyrirtæki innan vébanda Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi hafa markað sér. Stefnan grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Það er Ísfélaginu mikilvægt að starfa í góðu samstarfi við nærsamfélag sitt, lögð hefur verið áhersla á að styrkja íþrótt- og æskulýðsstarf, líknarstarf og björgunarfélög í samfélögum sem félagið starfar í. Félagið hefur jafnframt styrkt heilbrigðisstofnanir með gjöfum og stutt við ýmissa menningar- og góðgerðarstarfsemi.

### Ábyrg framleiðsla

Ísfélagið einsetur sér að vera fyrirmynd um ábyrga viðskiptahætti og vinna í sátt við umhverfi og samfélag á hverjum stað. Félagið kappkostar að umgangast lífríki hafsins af virðingu og nýta sjávarauðlindina með sjálfbærum hætti. Lögð er áhersla á að fylgja ráðgjöf vísindamanna, þar sem stuðst er við bestu vitneskju hverju sinni, til að sjálfbærni fiskistofna til framtíðar sé tryggð og komandi kynslóðir fái notið góðs af. Félagið leggur ríka áherslu á að bæði veiðar og vinnsla uppfylli allar þær gæðakröfur sem lög og reglur gera ráð fyrir.

Ísfélagið framleiðir sínar afurðir eftir viðurkenndum stöðlum sem tryggja eiga m.a. sjálfbærni, rekjanleika og heilnærni afurðanna. Félagið er með vottuð gæðastjórnunarkerfi sem styðja við þessi markmið. Þau eru MSC vottun (Marine Stewardship Council for Sustainable Seafood), FEMAS (Feed Material Assurance Scheme), HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points). Einnig er félagið með vottun frá Vottunarstofunni TÚN um lífræna framleiðslu. Allar þessar vottanir eru teknar út reglulega af þar til bærum aðilum.

### Umhverfismál

Með útgáfu samfélagskýrslu verða umhverfisáhrif Ísfélagsins greind með ítarlegum og markvissum hætti og upplýsingar birtar um lykilmælikvarða og markmið með samanburði á árangri á milli ára. Þar ber helst að nefna kolefnissuppgjör félagsins sem verður metið bæði út frá beinni og óbeinni starfsemi þess og verður slíkt mælt skv. staðli Greenhouse Gas Protocol og brotið niður miðað við umföng 1-3. Félagið mun einnig horfa til hringrásarhagkerfisins um hvernig það getur betur endurnýtt og flokkað úrgang tengdum virðisæðju sinni. Það er nauðsynlegt til að greina stöðuna á áhrifum félagsins á umhverfið og leita tækifæra til að draga úr sóun og öðrum neikvæðum umhverfisáhrifum. Einnig verður mikilvægt að meta áhrif loftslagsbreytinga á rekstur félagsins á næstu árum.

Olíunotkun við veiðar og vinnslu er langstærsti einstaki umhverfisþáttur starfseminnar. Olíunotkun sveiflast mikið á milli ára en þar getur siglingavegalengd á miðin, magn og samsetning afla og fleiri þættir spilað inn í. Auk þess er töluverð áhætta fólgin í óstöðugu og hækkanði olíuverði á mörkuðum. Félagið horfir til framleiðenda sem vinna að þróun véla með öðrum orkugjöfum en olíu og mun skoða þá kosti þegar þeir verða í boði.

## 18. Ófjárhagslegar upplýsingar (óendurskoðað) (framhald)

### Mannauður

Ísfélagið vill bjóða starfsfólki sínu upp á góða vinnuaðstöðu eins og tilgreint er í starfsmannastefnu félagsins. Hjá félaginu starfa 230 manns og þar af eru 64 sjómenn. Í landvinnslunni eru fjölbreytt störf við bolfiskvinnslu, uppsjávarvinnslu og í fiskimjölsverksmiðjum. Allt eru þetta krefjandi störf sem kalla á mismunandi þekkingu og hæfileika starfsfólks. Ísfélagið leggur áherslu á öryggi og heilsu starfsfólks og hefur komið upp skilgreindu verklagi til að tryggja öryggi starfsmanna. Áhersla er lögð á að nýta þekkingu starfsfólks til að greina og grípa tækifæri til umbóta í rekstri, sérstaklega í því skyni að auka öryggi og bæta aðbúnað. Starfsmenn eru studdir til heilsuræktar með styrkjum einu sinni á ári.

Einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi er undir engum kringumstæðum umborið á starfsstöðvum félagsins, hvorki í samskiptum starfsfólks né í samskiptum við starfsfólk verktaka, samstarfsaðila eða viðskiptavini. Hefur félagið sett sér stefnu og reglur til að taka á einelti, kynferðislegri, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Ísfélagið hefur sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við persónuverndarlög.

Ísfélagið vill að það sé jafnrétti til launa og jöfn tækifæri til starfsþróunar innan félagsins, óháð kyni, þar sem litið skal til hæfileika hvers einstaklings. Félagið er með jafnlaunavottun sem sýnir að ekki er um kynbundinn launamun að ræða hjá félaginu. Hjá Ísfélaginu er lögð áhersla á að starfsmenn sýni heilindi í starfi. Hvorki spilling né mútupægni er liðin og vinnur félagið að því að setja starfsmönnum félagsins formlegar siðareglur.